

GAMMA: Méllon  
Ársreikningur 2018

# Skýrsla og áritun stjórnar

---

GAMMA: Méllon er fagfjárfestastjóður í rekstri GAMMA Capital Management hf. Tilgangur sjóðsins er kaup og innheimta lána og annar skyldur rekstur.

Ársreikningur sjóðsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu. Enginn starfsmaður starfaði hjá sjóðnum en daglegur rekstur hans er í höndum rekstrarfélagsins GAMMA Capital Management hf. samkvæmt samningi þar um.



Í árslok 2018 nam hrein eign sjóðsins 18,9 millj. kr. og heildar eignir hans námu 762,3 millj. kr.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og sjóðstjóra er ársreikningur GAMMA: Méllon í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og er það álit stjórnar og sjóðstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu sjóðsins í árslok 2018 og rekstrarafkomu hans og breytingu á hreinni eign á árinu 2018.

Stjórn rekstrarfélagsins GAMMA Capital Management hf. og sjóðstjóri GAMMA: Méllon staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. apríl 2019.

Stjórn:

  
Ólafur Stefánsson  


Sjóðstjóri:



# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og eigenda hlutdeildarskírteina fagfjárfestisjódðsins Mellón.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning fagfjárfestisjódðsins Mellón („sjóðurinn“) fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um fjárfestingar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins 31. desember 2018 og afkomu hans og breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga, reglur um reikningsskil rekstarfélaga verðbréfasjóða og reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingasjóða.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og víðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ársreikningur félagsins 31. desember 2017 var endurskoðaður af öðrum endurskoðanda og áritaður án fyrirvara.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sjóðsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sjóðinn órekstrarhæfan.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripið.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun ársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar veða þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða lag

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Hrafnhildur Helgadóttir, endurskoðandi, ber ábyrgð á endurskoðun ársreikningsins og þessari áritun.

Reykjavík, 30. apríl 2019.

**KPMG ehf.**

Regur Stefan Ceyfsson  
Hrafnhildur Helgadóttir

# Rekstrarreikningur fyrir árið 2018

	Skýr.	2018	2017
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur .....		62.652	45.512
Vaxtagjöld .....		( 49.166)	( 35.989)
Virðisrýrnun útlána .....	4	1.587	( 3.224)
<b>Hreinar fjármunatekjur</b>	<b>1-2</b>	<b>15.072</b>	<b>6.299</b>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Umsýslupóknun .....	3	3.600	3.600
Árangurspóknun .....	3	0	74
Annar rekstrarkostnaður .....		3.594	891
<b>Rekstrargjöld samtals</b>		<b>7.194</b>	<b>4.565</b>
<b>Afkoma ársins .....</b>		<b>7.878</b>	<b>1.734</b>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr.	2018	2017
<b>Eignir</b>			
Útlán .....	4, 11	740.328	575.453
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	5	7.496	29.996
Lán til tengdra aðila .....		12.215	10.057
		<u>760.040</u>	<u>615.507</u>
			Fjárfestingar samtals
Handbært fé .....	6	2.231	5.423
		<u>2.231</u>	<u>5.423</u>
			Veltufjármunir samtals
		<u>762.271</u>	<u>620.930</u>
			<b>Eignir samtals</b>
<b>Skuldir</b>			
Skuldabréfaútgáfa .....		738.031	583.724
Skuld við GAMMA Capital Management hf. ....		3.600	3.674
Aðrar skuldir .....		1.731	0
		<u>743.362</u>	<u>587.399</u>
			Skuldir samtals
<b>Hlutdeildarskírteini</b> .....	8-9	<u>18.909</u>	<u>33.531</u>
		<u>762.271</u>	<u>620.930</u>
			<b>Skuldir og hlutdeildarskírteini samtals</b>
Hrein eign .....		18.909	33.531
Fjöldi eininga .....		75,00	300,00
Gengi sjóðsbréfa í árslok .....		<u>252,12</u>	<u>111,77</u>

## Yfirlit um breytingar á hreinni eign 2018

---

	2018	2017
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Afkoma ársins .....	7.878	1.734
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Innleyst hlutdeildarskírteini .....	( 22.500)	0
Fjármögnunarhreyfingar	( 22.500)	0
<b>Breyting á hreinni eign</b> .....	( 14.622)	1.734
<b>Hrein eign í ársbyrjun</b> .....	33.531	31.797
<b>Hrein eign í árslok</b> .....	18.909	33.531

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

### a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur fagfjárfestastjóðsins GAMMA: Méllon er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann byggir á kostnaðarverðsreglu að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Fagfjárfestastjóðurinn er hluti af GAMMA Capital Management hf.

Fagfjárfestastjóðir GAMMA Capital Management hf. eru lokaðir sjóðir og eingöngu ætlaðir fyrir stofnanafjárfesta. Fagfjárfestastjóðir eru því lokaðir fyrir viðskiptum almennings.

### b. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti.

## 2. Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)

Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) sundurliðast þannig:

	Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur	Vaxtagjöld	Virðisrýrnun útlána	Samtals
GAMMA: Méllon .....	62.652	( 49.166)	1.587	15.072

## 3. Umsýslupóknun

Sjóðurinn greiðir rekstrarfélaginu, GAMMA Capital Management hf., 1% fasta þóknun af heildareignum sjóðsins og dótturfélaga og 20% árangurstengda þóknun af ávöxtun umfram viðmið sjóðsins.

## 4. Útlán

Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum og verðbótum í árslok 2018. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölu sem tók gildi í byrjun janúar 2019.

### Virðisrýrnun útlána

Útlán eru færð niður til að mæta áætluðum, áföllnum útlánatöpum. Virðisrýrnun er byggð á mati stjórnenda á núvirtu framtíðarsjóðstreymi útlána. Ef núvirt sjóðstreymi láns, m.v. samningsvexti lánsins, er lægra en bókfærð staða þess, er mismunurinn færður til bókar sem virðisrýrnun. Í árslok 2018 nam virðisrýrnun útlána 1,1 millj. kr.

## 5. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum eru hlutdeildarskírteini sjóða. Hlutdeildarskírteini eru metin á gengi viðkomandi sjóða á uppgjörstegi.

## 6. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankareikningum hjá innlánsstofnunum.

## 7. Skattamál

Fagfjárfestastjóðir eru ekki sjálfstæðir skattaðilar og greiða ekki tekjuskatt. Hagnaður eða tap af rekstri þeirra er skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af skírteinum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.



## Skýringar, frh.:

### 8. Hlutdeildarskírteini - raunávöxtun

Raunávöxtun Gamma: Méllon greinist þannig:

	Síðustu 3 mánuði	Síðustu 6 mánuði	Síðustu 12 mánuði
Gamma: Méllon .....	(19,9%)	(20,5%)	126,7%

### 9. Hlutdeildarskírteini - bókfært verðmæti og gengi

Hér að neðan er yfirlit um bókfært verðmæti og gengi hlutdeildarskírteina í árslok 2018 með samanburðartölur fyrir árslok 2017 og 2016.

	Bókfært verð			Gengi		
	2018	2017	2016	2018	2017	2016
Gamma: Méllon .....	18.909	33.531	31.797	252,12	111,77	105,99

### 10. Hlutfallsleg skipting eigna

Að neðan er yfirlit um hlutfallslega skiptingu eigna sjóðsins. Fagfjárfestasjóðir eru ekki með fjárfestingarstefnu sem ræður eignasamsetningu þeirra og engar hömlur eru settar í lögum um fjárfestingar. Þar af leiðandi er ekki birt fjárfestingarstefna.

	Eign 2018 %	Eign 2017 %	Breyting %
Útlán .....	97,0%	92,7%	4,4%
Hlutdeildarskírteini fagfjárfestasjóða .....	1,0%	4,8%	(3,8%)
Lán til tengdra aðila .....	1,7%	1,6%	0,1%
Handbært fé .....	0,3%	0,9%	(0,6%)

### 11. Útlán - staða í árslok

	2018
Afskriftir .....	6.000
Vanskil (90 - 180 dagar) .....	0
Vanskil (180+ dagar) .....	1.031
Stærð lánasafns .....	741.433
Niðurfærslur lána .....	1.105
Staða útlána .....	740.328